

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ í Hveragerði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum hefur ráðuneytið hinn 15. apríl staðfest uppdrátt að deiliskipulagi miðbæjar í Hveragerði, ásamt greinargerð er fylgir og endurskoðuð er í janúar 1991.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Hveragerðis og Skipulagsstjórn ríkisins.

Umhverfissráðuneytið, 18. apríl 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

AUGLÝSING

um staðfestingu deiliskipulags stofnanareits á Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið hinn 15. apríl staðfest deiliskipulag stofnana- og íbúðarreita á Akranesi sem afmarkast af Kalmansbraut, Kirkjubraut, Merkigerði, Vesturgötu, Presthúsabraut og Vallholti.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur fengið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Akraness og Skipulagsstjórn ríkisins.

Umhverfissráðuneytið, 18. apríl 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur Skipulagsstjórn ríkisins hinn 19. mars 1991, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness að því er snertir stofnana- og íbúðarreiti sem afmarkast af Kalmansbraut, Kirkjubraut, Merkigerði, Vesturgötu, Presthúsabraut og Vallholti.

Umhverfissráðuneytið, 18. apríl 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.